

Áfangalýsing – Saga



Menntaskóli Borgarfjarðar

Námsgrein:

Sag204

Fjöldi eininga:

4

Undanfari:

Sag104 og 7eða Ísl 304

Lýsing á efni áfangans:

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur kynnist ólíkum tegundum sagnfræðilegra vinnubragða. Leitast verður við að kynna aðferðir við söfnun munnlegrar sögu, frumheimildir og gildi heimilda sem og ólíkar nálganir innan sagnfræðinnar svo sem einsögu, kvennasögu og hagsögu. Fjallað verður um tímabilið sem kallað er stutta 20. öldin, tímabilið frá 1914-1989. Tímabilið verður skoðað bæði með gleraugum mannkynssögunnar en atburðir hennar verða einnig skoðaðir frá íslensku sjónarhorni.

Kennslugögn:

Efni af vef

Myndbönd

Efni frá kennara

Námsmat:

Verkefnavinna 60%

Lokaverkefni 30%

Frammistöðumat 10%

Lokamarkmið áfanga: (alls 8-12 markmið)

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- tilteknum þáttum í sögu 20. aldar
- helstu reglum í heimildavinnu
- möguleikum í miðlun sögunnar

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- meta gildi og áreiðanleika heimilda
- nota heimildir á gagnrýninn hátt
- vinna heimildaverkefni
- koma sögulegri þekkingu sinni á framfæri á fjölbreyttan hátt

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- greina meginþætti og álitamál í sögunni
- geta leitað eftir mismunandi sjónarhornum
- geta túlkað og ályktað um tiltekna atburði sögunnar
- átta sig á tíðaranda
- taka viðtal um söguleg efni í nærumhverfinu